



Samtök um kvennalista

Kaflaskiptaveisla mánudaginn 31. maí kl. 18.00

Ágætu fyrrum þingkonur og starfskonur þingflokks Kvennalistans.

Það urðu mikil kaflaskil í þingsögu Íslendinga þegar þingflokkur Kvennalistans var lagður niður eftir 16 ára tilveru nú á vordögum. Nú er búið að ganga frá gögnum þingflokksins eftir öllum kúnstarinnar reglum og til stendur að afhenda þau Kvennasögusafninu til varðveislu um ókomna framtíð.

Þær konur sem tóku sæti á þingi fyrir Samtök um kvennalista urðu 29. Einnig eru tvær kvennalistakonur nýkjörnar á þing í þingflokki Samfylkingarinnar. Í samtölum kvenna á milli hefur komið fram ósk um að minnast þessara tímamóta, með því að hittast, lyfta glasi og óska hver annarri alls hins besta hvaða leið svo sem konur velja sér inní framtíðina.

Afhendingin fer fram í Þjóðarbókhöðunni og verður öllum Kvennalistanum boðið að vera til staðar, en sérstaklega eruð þið boðnar sem tekið hafið þátt í skapa þessi gögn með allt frá handskrifuðum smásneplum til ódauðlegra erinda.

Afhendingin fer fram mánudaginn 31. maí kl. 18.00 og mun Guðrún Agnarsdóttir flytja ávarp og stjórn Kvennasögusafnsins flytja þakkarorð.

Með bestu kveðjum
Undirbúningsnefndin
Guðrún Jóns, Áslaug Thorlacius og Danfríður

Ps. Þar sem boðið verður uppá veitingar, vinsamlegast látið Ingibjörgu Stefáns vita hvort þið sjáið ykkur fært að vera með fyrir 26.maí.
(tölvupóstur: kvennalistinn@centrum.is sími; 5513725, farsími 8610534